

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júlí 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 9. Breytingin felur í sér tilfærslu á innkeyrslum við Einhellu og nýja innkeyrslu frá Dranghelli. Byggingarreitur verður stækkaður og byggingarlína felld út að hluta.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 31. júlí 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 18. ágúst 2025